

Reynir Traustason


Vildi vera sjávarútvegsráðherra

- Hver ertu?
Reynir Traustason stýrimaður.
- Í hvaða stjórnumerki ertu?
Sporðrekanum.
- Ertu myrkfælinn?
Nei, ekki lengur. Eg var það einhvern tímann en eina myrkrið sem ég óttast núna stafar af þeim skugga sem grúfir yfir sjávarþorpum á landsbyggðinni vegna þess að lífsafkoma fólksins er hreinlega til sölu.
- Hefur þú séð draug?
Já, ég sá nokkuð oft drauga í æsku og gerði í því að leita þá uppi til að ganga á hölm við þá í myrkrinu þar til þeir voru horfnir.
- Værirðu ekki þú, hver vildirðu vera?
Sjávarútvegsráðherra, til þess að fá tækifæri til að breyta því sem ég nefndi áðan um sjávarplássin.
- Hefurðu hugleitt að breyta lífi þínu algjörlega?
Já, og er sífellt að hugleiða það vegna þess að ég stunda þessa atvinnu sem hefur í för með sér einangrun. En ég nota félagsmálin til að fá víðara sjónarhorn.
- Hvað er það versta sem fyrir þig gæti komið?
Eg bý í krummaskuði úti á landi og það versta efnahagslega áfall sem ég gæti orðið fyrir er að Einar Oddur færi á hausinn vegna þess að þá er húsið mitt, sem væri e.t.v. metið á 20 milljónir í Reykjavík, verðlaust á Flateyri. Eg yrði þá að hypja mig að kjötkötlunum á einhvern hátt og leigja hús. Okkur Vestfirðinga munar að visu ekkert um leiguna, við borgum jafnmiði í hitakostnað á mánuði.
- Ertu með einhverja delli?
Já, ég er með þá delli að skrifa fréttir og það geri ég í hjáverkum, auk þess að sinna félagsmálunum.
- Skipta peningar máli?
Þeir skipta sífellt minna máli eftir því sem maður gengur þessa götu lengur.
- Hvað skiptir máli í lífinu?
Lífsgildið felst í því að eiga góða konu og heilbrigð börn.


- Hvað er hamingja?
Hamingjan er ekki endilega í Skopparakringlunni, hún getur alveg eins verið í pylsuvagninum hér niðri í Austurstræti.
- Hvar vildirðu helst búa?
Eg er afskaplega sáttur við þann stað sem ég bý á og reyndar nær minn sjóndeildarhringur, hvað varðar búsetu, ekki út fyrir Vestfirði, a.m.k. eins og er. Það er spurning hvort neyðin rekur mann suður.
- Hvaða galla áttu auðveldast með að umbera?
Frekju. Kannski af því að maður er óstjórnlega frekur sjálfur.
- Hver eru önnur persónueinkenni þin?
Árásargirni ef á mig er ráðist, að öðru leyti er ég geðgóður. Þetta er alveg ótrúlegt viðtal!
- Hvaða hetju sögunnar dæirðu mest?
Eg er afskaplega hrifinn af samtímamönnum á sjó sem eru miklir aflakóngar. Tryggvi heitinn Ófeigsson er einn af þeim mönnum sem ég ber mikla virðingu fyrir. Ef ég horfi lengra aftur þá nefni ég Hallgerði langbrók.
- Hefurðu orðið hræddur á sjó?
Já, einu sinni.
- Borðarðu fisk?
Eg hef bara illa efni á að borða annað en fisk.
- Hvenær meigstu síðast í saltan sjó?
Það eru fimm dagar síðan, held ég.
- Hver er fallegasti fiskurinn í sjónum?
Það er ýsa.
- Eftirlætisvinið?
Eftirlætisvinið, í litlu magni þegar maður er ekki að kalla fram bein harkaleg áhrif, er Gammel dansk-snapsinn.
- Eftirminnilegasta prakkarastrikið?
Í seinni tíð er það þegar ég boðaði þekktan krata á Reykavíkursvæðinu á fund í Bjórhöllinni. Eg segi ekki meir.

-vd.

Mynd: Jim Smart



Teygt og tög að



Samspil milli mín og náttúrunnar

- Ég byggi þessar myndir á upplifun minni úti í náttúrunni, sagði Gunnar Örn listmálari þegar blaðamaður kíkti inn á Kjarvalsstaði í gær. Þar var Gunnar Örn að hengja upp fjölda málverka í austursalnum.
- Íslenskt landslag og náttúra í bland við hugdettur og hugarflug er viðfagsefni myndanna á þessari

sýningu, sagði listamaðurinn þegar hann var spurður um andlitin og fólkið í myndunum. - Alls staðar í landslaginu eru þessar verur, þær eru sambland af náttúru, álfum og mönnum.

Öll málverkin á sýningu Gunnars Arnar á Kjarvalsstöðum eru unnin á síðastliðnum þremur árum. Fyrstu einkasýningu sína hélt hann árið 1970 í Unuhúsi en síðast sýndi hann fyrir rúmu ári í Nýhöfn. Gunnar Örn er sjálfmenntaður listamaður. Hann hefur tekið þátt í fjölda sýninga bæði hér heima og erlendis. Árið 1988 var hann full-

trúi Íslands á Fencyja tvíæringnum.

Málverkin á sýningunni nú eru öll af sérstökum stöðum; eitt frá Þingvöllum, annað norðan af Ströndum o.s.frv. Listamaðurinn segist hafa farið vítt og breitt. Hann málar sumar myndirnar úti, stundum skissar hann eða málar með vatnslitum og málar síðan í olíu þegar heim er komið eða innan dyra að vetrarlagi.

Ekki þótti fint að mála landslagsmyndir fyrir nokkrum árum. Hvenær byrjaði Gunnar Örn að mála náttúru landsins?

- Þetta hefur verið að þróast undanfarin ár, landið byrjaði að kíkja inn á myndflötinn fyrir sjö til átta árum. Fyrir sex árum flutti ég út í sveit, í Rangárvallasýslu, og hef búið á sveitabæ þar síðan. Þar er ég umkringdur náttúrunni. Það á að visu við alls staðar á Íslandi.

Fyrir utan austursalinn var verið að koma fyrir lausum „veggjum“ í gær. Þar á að koma fyrir ljóðum Jóns úr Vör, og verður sú sýning, eins og Gunnars Arnar, opnuð á morgun.

Jón úr Vör er einn af brautryðjendum íslenskrar nútímaljóðlistar og á að baki langan og virkan skáldskaparferil. Hann hefur gefið út tólf ljóðabækur og fjalla ljóð hans um margvísleg mannleg ör-lög; mannkærleikur, mannleg reisin, ást og hamingja eru hin æðstu gildi. Ljóðasýningar Kjarvalsstaða eru ný leið til að vekja athygli almennings á stöðu ljóðsins, ennfremur að skapa möguleika fyrir skáldin í rými sem í gegnum tíðina hefur verið helgað myndlistinni.

BE

Sovéskur sonur

Kvikmyndasýningar eru hvern einasta sunnudag kl. 16 í bíósal MÍR við Vatnssstíginn. Á sunnudag verður sýnd sovéska myndin Sonurinn frá árinu 1955. Í myndinni segir frá ungum manni og fjölskyldu hans á fyrstu erfðleikaárunum eftir stríð. Leikstjóri er

Júri Ozerov, sem er í hópi kunnustu kvikmyndagerðarmanna Sovétríkjanna. Hann hóf nám í kvikmyndagerð að stríðinu loknu og Sonurinn var fjórða kvikmyndin sem hann leikstýrði. Kunnastur er Ozerov fyrir myndir sem fjalla um síðustu heimsstyrjöld, einkum

myndaflökkinn Frelsunina sem spannar atburði allt frá orrustunni miklu við Kúrsk til lokaátakanna um Berlínarborg vorið 1945.

Aðgangur að kvikmyndasýningum MÍR er ókeypis og að sjálf-sögðu öllum unndendum sovéskra kvikmynda heimill.

Í dag Skúmur

1. nóvember

er föstudagur
Allra heilagra messa.
305. dagur ársins.
Sólarupprás í Reykjavík
kl. 9.09 - sólarlag kl.
17.13.

Viðburðir

Þjóðhátíðardagur Alsír.

